

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, svæði fyrir íbúðarbyggð á Eiðum, Fljótshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að austan Borgarfjarðarvegur bætist við nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð. Svæðið er um 2,1 ha og er þar gert ráð fyrir 17 nýjum lóðum fyrir íbúðarhús. Meginhluti svæðisins var áður skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota. Þá minnkar svæði sem áður var skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir úr 7.400 m<sup>2</sup> í 5.600 m<sup>2</sup> vegna íbúðar-svæðisins. Sunnan fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar bætist við 120 m<sup>2</sup> lóð sem er skilgreind sem iðnaðarsvæði og er þar gert ráð fyrir hreinsistöð fyrir fráveitu frá svæðinu.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fljótshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgangið erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 15. desember 2006.*

**Jónína Bjartmarz.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2007